

REGLUGERÐ

um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o. fl.

1. gr.

Skilyrði fyrir frádrætti gjafa samkvæmt ákvæðum 2. töluliðar E-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 3. mgr. 1. töluliðar 1. mgr. 31. gr. sömu laga eru þau, að framteljandi leggi fram móttökukvittun með framtali sínu frá stofnun, sjóði eða félagi sem fellur undir skilgreiningu 2. gr. reglugerðar þessarar.

Viðkomandi stofnun, sjóður eða félag skal hafa sett sér skipulagsskrá, lög eða samþykktir yfir starfsemi sína. Undanþegin þessu ákvæði er starfsemi á vegum ríkissjóðs og stofnana hans eða sveitarsjóða og stofnana þeirra, svo og starfsemi sú er tilgreind er í d-lið 2. gr. reglugerðar þessarar.

Árstillög félagsmanna og styrktarféлага teljast ekki til gjafa í þessu sambandi.

2. gr.

Málaflokkar þeir sem til greina koma eru:

- a. Hvers konar menningarmálastarfsemi fyrir almenning, svo sem byggingar skólahúsa og íþróttamannvirkja og rekstur skóla, íþróttastarfsemi, fræðiritauktgáfa og fræðslukvikmyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfnun, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufrýrbrigða, skógræðsla, sandgræðsla, verndun fiskimiða o. fl. sem til menningarmála heyrir.
- b. Hvers konar vísindaleg rannsóknarstarfsemi, hvort heldur er á sviði hugvísinda eða raunvísinda.
- c. Hvers konar viðurkennd líknarstarfsemi. Hér til telst m. a. bygging og rekstur sjúkrahúsa, heilsuhæla, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila, stofnana fyrir drykkju-sjúklinga og lamaða og fatlaða, og annarra hliðstæðra stofnana. Hér til teljast enn fremur slysavarnir á landi, sjó og í lofti.
- d. Starfsemi Þjóðkirkjunnar og annarra opinberlega viðurkenndra trúarfélaga, er söfnuði hafa hér á landi, starfsemi deilda innan slíkra safnaða, svo og hver önnur viðurkennd kirkjuleg starfsemi.

3. gr.

Á móttökukvittun, sbr. 1. gr. reglugerðar þessarar, skal koma fram nafn og heimili gefanda, hver gjöfin sé og hvert sé verðmæti hennar. Tekið skal fram að um gjöf sé að ræða og fjárhæðin skal tilgreind í bókstöfum og tölustöfum.

4. gr.

Aðilum sem gefa út móttökukvittanir, sbr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skal skylt að senda skattýfirvöldum ársreikninga ásamt lögum, reglugerð eða skipulagsskrá yfir starfsemi sína sé um það beðið.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. málsg. 2. töluliðar E-liðar 30. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi. Skal hún koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983.

Fjármálaráðuneytið, 3. nóvember 1983.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.